

Húftrygging eftirvagna

Skilmáli nr. B-3

Í skilmála þessum merkir hugtakið "félagið" Vörð tryggingar hf.

Um váttrygginguna gilda váttryggingaskírteinið ásamt áritun og sérskilmálum, skilmálar þessir, almennir skilmálar félagsins nr. AS-1 og ákvæði laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í almennum skilmálum ganga framur ákvæðum þessara skilmála ef ekki er fullt samræmi þar á milli.

1. gr. Hverjir eru váttryggðir ?

Váttryggður er eigandi þess eftirvagns sem tiltekin er á váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

2. gr. Hið váttryggða – landfræðilegt gildissvið

- 2.1 Váttryggingin nær til þess eftirvagns sem tilgreindur er á váttryggingarskírteini ásamt eðlilegum fylgihlutum svo sem innréttingum og öðrum föstum búnaði. Váttryggingin nær ekki til innbús og annarra lausra muna.
- 2.2 Váttryggingin nær ekki til notkunar utan Íslands, nema sérstaklega sé um það samið og slíkt áritað á skírteini. Sama gildir meðan hið váttryggða er flutt milli landa.

3. gr. Tjónsorsakir sem váttryggingin nær til

- 3.1 Félagið bætir skemmdir, sem verða á hinu váttryggða, af eldingu, eldsvoða (ef eldur verður laus) og sprengingu sem stafar af honum, af árekstri, áakstri, veltu, útafakstri eða hrap, grjóthruni, snjóflóði úr fjallshlíð og skriðufalli.
- 3.2 Félagið bætir skemmdir, sem verða á hinu váttryggða sé því stolið svo og skemmdir sem verða við innbrot eða tilraun til innbrots. Þá bætir félagið tjón sem verða á hinu váttryggða vegna skemmdarverka. Félagið krefst lögregluskýrslu sem sönnun fyrir tjóni samkvæmt þessari grein.
- 3.3 Félagið bætir skemmdir, sem verða á hinu váttryggða af völdum ofsaveðurs (þ.e. vindhraði nær 30 m/s). Við mat á vindhraða skal lögð til grundvallar mæling Veðurstofu Íslands. Tjón af völdum þess að sandur, mól, aska, vikur eða önnur jarðefni fjúka á hið váttryggða bætist þó ekki.
- 3.4 Félagið bætir skemmdir er verða á hinu váttryggða við flutning á því með öðru flutningstæki á landi. Ennfremur þegar það er flutt á skipi milli hafna á Íslandi ef flutningurinn er liður í ferðalagi. Skemmdir í sjóflutningi bætast þó ekki, nema um árstryggingu sé að ræða. Tjón af völdum sjóbleytu bætist ekki.
- 3.5 Félagið bætir brot á rúðum hins váttryggða, enda þótt skilyrði gr. 3.1, 3.2 eða 3.3 séu ekki fyrir hendi. Það telst ekki brot þótt flísist úr rúðu eða hún rispist eða skrámist. Eigi greiðast bætur fyrir rúður sem brotna við úrtöku eða ísetningu.
- 3.6 Félagið greiðir kostnað við flutning hins váttryggða til næsta viðurkennda viðgerðarverkstæðis verði ekki unnt að draga hið váttryggða af völdum bótaskylds tjóns.

4. gr. Undanþágur frá bótaskyldu

Félagið greiðir ekki bætur þegar:

- 4.1 tjóni hefur verið valdið af ásetningu eða stórkostlegu gáleysi váttryggðs;
- 4.2 um er að ræða akstur þar sem bannað er að aka dráttarbil þeim er dregur hið váttryggða svo og við akstur fyrir utan þjóðvegakerfi landsins, snjósköflum, ís, yfir óbrúaðar ár eða læki, um fjörur, forvaða eða aðrar vegleysur. Þó bætast skemmdir er verða þegar ökuumaður hefur neyðst til að fara út af akbraut, t.d. vegna viðgerðar á vegi;
- 4.3 skemmdir verða af efnisgalla, hönnunargalla, smíðisgalla eða viðgerðargalla. Þó bætast skemmdir sem hljóttast af þessum orsökum á öðrum hlutum hins váttryggða ef um áakstur, árekstur, veltu eða útafakstur er að ræða;
- 4.4 skemmdir verða af sliti eða ófullnægjandi viðhaldi;

5. gr. Einstakir hlutar hins váttryggða

Félagið bætir ekki:

- 5.1 skemmdir er aðeins varða hjól, hjólbarða, fjaðrir, rafgeymi, gaskúta, gler (annað en rúður), sbr. gr. 3.5, viðtæki og önnur hljómtæki svo og tjón vegna stuldar einstakra hluta hins váttryggða og skemmdir sem af því stafa;
- 5.2 skemmdir á rafbúnaði hins váttryggða er hljóttast af skammhlaupi;
- 5.3 skemmdir er hið váttryggða er dregið á ósléttri akbraut, hér með talin bilun á ásum, fjöðrum, rafgeymi og öðrum hlutum í eða á undirvagni hins váttryggða, skemmdir á undirvagni er hljóttast af því að hið váttryggða tekur niðri á ójöfnum akbrautum, svo sem hryggjum eftir veghefla, jarðföstu grjóti á akbraut eða við akbrautarbrúnir; sama gildir um skemmdir er verða þegar laust grjót hrekkur upp undir hið váttryggða.

6. gr. Framsal réttar – Endurkröfuréttur

Váttryggður má ekki án samþykkis félagsins framselja eða veðsetja réttindi sín samkvæmt váttryggingarsamningnum. Bæti félagið tjón, sem þriðji maður ber skaðabótaábyrgð á öðlast það rétt váttryggðs gagnvart honum að því marki sem bótunum nemur.

7. gr. Váttryggingarfjárhæð

Váttryggingarfjárhæð er tilgreind á skírteini eða endurnýjunarkvittun. Fjárhæð bóta vegna vegna altjóns eða skemmda á hinu váttryggða sem verða á einu váttryggingartímabili, fara ekki fram úr tilgreindri váttryggingarfjárhæð nema vegna vaxta af tjónskrófu. Váttryggingartaki á þó rétt á að halda óbreyttri váttryggingavernd eftir tjón gegn því að greiða viðbótariðgjald.

8. gr. Algert tjón

Félagið greiðir bætur fyrir algert tjón, ef:

- 8.1 ef hið váttryggða verður fyrir svo miklum skemmdum að félagið álítur ekki borga sig að gera við það;
- 8.2 ef hinu váttryggða er stolið og það hefur ekki fundist innan 4 vikna frá því að félaginu og lögreglu var tilkynnt um atburðinn.

9. gr. Bætur fyrir algert tjón

Verði algert tjón ber félaginu að greiða raunvirði hins váttryggða. Raunvirði telst vera sú fjárhæð er þurft hefði til kaupa á hinu váttryggða á því verðlagi er síðast var á sambærilegu tæki (gegn staðgreiðslu).

10. gr. Viðgerðarkostnaður

Skemmist hið váttryggða án þess að skilyrði 9. gr. séu fyrir hendi greiðir félagið kostnað við að gera við tækið, að svo miklu leyti sem unnt er, eins og það var fyrir tjónið. Félagið hefur rétt til að greiða annað hvort viðgerðarkostnað eða bætur fyrir áætlaðan viðgerðarkostnað. Náist ekki samkomulag um áætlaðan viðgerðarkostnað skulu dómkvaddir menn meta hann. Lækkun á markaðsverði hins váttryggða, óbeint tjón, svo sem afnotamissir, aukaútgjöld vegna vinnu utan venjulegs vinnutíma eða aukakostnaður vegna sérpantana á varahlutum bætist ekki. Leita skal fyrirfram samþykkis félagsins á viðgerðaraðila. Félaginu er ekki skylt að greiða bætur fyrir viðgerð sem hafin er án samþykkis þess.

11. gr. Endurnýjun einstakra hluta

Verði ágreiningur um hvort eða að hve miklu leyti félagið skuli taka þátt í endurnýjun einstakra hluta hins váttryggða má skjóta honum til úrskurðar dómkvaddra manna. Þeim aðila sem matið gengur í vil ber eigi að greiða matskostnað.

12. gr. Eigin áhætta

Af hverju tjóni ber váttryggingartaki eigin áhættu eins og getið er á gildandi váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

13. gr. Upplýsingaskylda váttryggingartaka

Félaginu er heimilt að skoða hið váttryggða þegar það óskar þess.

14. gr. Varúðarreglur- áhættuaukning

14.1 Váttryggingartaka og þeim sem samsamast honum ber að fara eftir þeim varúðarreglum sem félagið setur í þessum skilmála eða á váttryggingarskírteini. Misbrestur á því getur leitt til skerðingar eða brottfalls bótaábyrgðar skv. 26. gr. laga nr. 30/2004.

14.2 Iðgjald þessarar váttryggingar fer eftir notkun váttryggðs hlutar eða starfsemi sem hann er notaður í og gefnar eru upplýsingar um við váttryggingartöku. Sé tiltekin ákveðin notkun/starfsemi á hinu váttryggða á váttryggingarskírteini og notkun/starfsemi breytist ber váttryggðum og/eða þeim sem réttar njóta samkvæmt váttryggingu þessari að tilkynna félaginu það jafnskjótt og þeim er kunnugt um breytinguna. Misbrestur á því getur valdið takmörkun á ábyrgð félagsins skv. 25. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

14.3 **Varúðarregla: Hinu váttryggða skal tryggilega læst (sé það hægt) þegar farið er frá því og rúðum eða sóllúgum lokað. Ganga ber forsvaranlega frá hinu váttryggða, þannig að því verði ekki stolið á einfaldan hátt, t.d. með kúlulás, læsingu við fastan hlut eða inn í læstu húsnæði sem óviðkomandi eiga ekki aðgang að.**

14.4 **Varúðarregla: Ekki skal aka með hið váttryggða á svæðum þar sem varað hefur verið við akstri eða akstri með eftirvagn vegna óveðurs, akstursskilyrða eða þar sem vindstyrkur mælist sannanlega yfir 24,5 m/sek samkvæmt mælingum Veðurstofu Íslands.**

14.5 **Varúðarregla: Ef hið váttryggða er geymt utan dyra á tímabilinu 1. október til 30. apríl skal gengið vandlega frá því þannig að það fjúki ekki, t.d. með því að binda það niður á viðhlítandi hátt.**

14.6 **Varúðarregla: Váttryggður skal vera í líkamlegu ástandi til þess að geta stjórnað ökutæki því er dregur eða ber hið váttryggða örugglega og ekki undir áhrifum áfengis, örvandi eða deyfandi lyfja.**

14.7 **Varúðarregla: Váttryggður skal hafa hæfni til þess að stjórna örugglega því ökutæki sem dregur eða ber hið váttryggða og hafa til þess tilskilin réttindi.**

14.8 **Varúðarregla: Váttryggður og sá sem hefur hið váttryggða undir höndum skal sjá til þess það sé í lögmæltu ástandi og að notkun eða meðferð hins váttryggða sé í samræmi við leiðbeiningar og þjónustuhandbók framleiðanda. Sérstaklega ber að sjá um að öryggistæki, tengingar og festingar séu í lagi.**

15. gr. Eigandaskipti

Verði eigandaskipti að hinu váttryggða fellur váttrygging þessi niður. Váttryggingin gildir þó í 14 daga fyrir hinn nýja eiganda enda hafi hann ekki keypt aðra váttryggingu.

16. gr. Réttur þriðja manns – Samsömum

16.1 Váttrygging þessi er ekki til hagsbóta fyrir veðhafa nema félaginu sé tilkynnt það sérstaklega og það skráð á váttryggingarskírteini. Meðváttryggður getur aldrei eignast meiri réttindi á hendur félaginu heldur en váttryggður.

16.2 Félagið getur borið fyrir sig háttsemi manns sem með samþykki váttryggðs er ábyrgur fyrir hinu váttryggða sbr. a-lið 2. mgr. 29. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarstarfsemi.

17. gr. Vísitala- vextir af tjónskröfum

17.1 Iðgjald og fjárhæðir sjálfsábyrgða í þessari váttryggingu fylgja þróun verðlags í landinu og breytast þessar fjárhæðir því samkvæmt vísitölu neysliverðs við hverja endurnýjun þessarar váttryggingar.

Skilmálar þessir gilda frá 01.01.2019